

Fundargerð Húsavíkurstofu

9. stjórnarfundur Húsavíkurstofu

Þriðjudagur 7. febrúar 2023 kl. 09:15 að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík

Mættir

Örlygur Hnefill Örlygsson	Verkefnastjóri
Huld Hafliðadóttir	Starfandi stjórnarmaður
Kristján Örn Sævarsson	Formaður
Daníel Chandrachur Annisius	Ritari
Líney Gylfadóttir	Meðstjórnandi
Emilía Aðalsteinsdóttir	Meðstjórnandi
Birkir Freyr Stefánsson	Meðstjórnandi

Fundargerð ritaði: Daníel Chandrachur Annisius

Dagskrá

1. Húsnæðismál stofunnar

Umræður um þarfir Húsavíkurstofu varðandi skrifstofuaðstöðu.

2. Vef- og hýsingarmál

Verkefnastjóri fer yfir reikninga frá Sahara auglýsingastofu varðandi gagnageymslu á myndböndum stofunnar. Stjórn samþykkir samhljóða að segja upp gagnageymslu hjá Sahara.

a. Vefsíða stofunnar

Verkefnastjóri fer yfir vefsíðumál stofunnar. Núverandi vefur er hýstur í vefumsjónarkerfi hjá Sahara og er dýr kostur. Verkefnastjóri leggur fram hugmynd um að setja upp vefinn í Wordpress í staðinn og hýsa hjá 1984 og spara stofunni talsvert fjármagn. Stjórn samþykkir samhljóða að fara í þessa vinnu og felur verkefnastjóra að sjá um verkefnið ásamt því að setja á fót vinnuhóp sem kemur að þessu verkefni.

b. Tæknimál / skjöl stofunnar

Farið yfir tæknimál stofunnar og mikilvægi þess að gagnageymsla og tölvupóstsamskipti séu vel skipulögð, aðgengileg og örugg. Stjórn felur

verkefnastjóra að fara í þarfagreiningu og skoða leiðir sem í boði eru og fá aðstoð vefvinnuhóps.

3. Átaksverkefni hjá Húsavíkurstofu

Verkefnastjóri fer yfir verkefni síðustu vikna og frekari hugmyndir.

a. Fjölgun meðlima stofunnar

Nýir meðlimir hafa verið að ganga í Húsavíkurstofu sem er gleðilegt.

b. Heimabærinn minn

Verkefnastjóri kynnir hugmyndir um myndbandsherferðir og hvernig vinna megi nánar með vörumerkið Heimabærinn minn og Húsavík sem búsetukost í samstarfi við sveitarfélagið, fyrirtæki og stofnanir í bænum. Stjórn telur verkefnið áhugavert og felur verkefnastjóra að vinna að greinagerð um verkefnið og leggja fyrir stjórn.

c. Fuglastígur

Verkefnastjóri kynnir samskipti við Hermann Bárðarson frá Fuglastíg og aukið samstarf varðandi fuglaskoðun og fuglaskoðunarskýli.

d. Demantshringurinn

Verkefnastjóri fer yfir samskipti við Markaðsstofu Norðurlands og samstarf vegna Demantshringsins. Húsavíkurstofa á vörumerkið og nauðsynlegt að samstarfið sé gott og mikil tækifæri í að markaðsetja Demantshringinn nánar.

e. Orkugangan og Nikulás Buch

Húsavíkurstofa mun taka þátt í ljósmyndasýningu með Safnahúsinu á Húsavík í tengslum við skíðasögu í Þingeyjarsýslum. Einnig eru fyrirhugaðir frekari viðburðir í tengslum við Orkugönguna og páska „Páskabærinn minn“ sem Húsavíkurstofa mun koma að. Verkefnastjóra falið að kalla eftir viðburðum og vinna nánar í þessum verkefnum.

4. Aðalfundur Húsavíkurstofu

Stefnt er að halda aðalfund 27. apríl og mikilvægt að hefja undirbúning fyrir aðalfund með góðum fyrirvara. Hugmyndir um viðburð eða vorhitting meðlima Húsavíkurstofu í tengslum við aðalfundinn. Verkefnastjóra er falið að skoða nánari útfærslu og staðsetningar fyrir aðalfund. Umræður um ársreikning og bókhald stofunnar. Stjórn felur gjaldkera, verkefnastjóra og starfandi stjórnarmanni að funda með bókara stofunnar vegna aðalfundar.

5. Kynning á skíðasvæði Húsavíkur við Reyðarárhjúk

Kjartan Páll Þórarinsson, íþrótt- og tólmstundafulltrúi, kemur á fundinn og fer yfir málefni skíðasvæðisins við Reyðarárhjúk og mögulega framtíðaruppbyggingu. Áhugi er að efla svæðið enn frekar sem eftirsóknarvert útivistarsvæði bæði fyrir gönguskíði og skíði sem og hugmyndavinna að nýju nafni á svæðinu.

Stjórn þakkar Kjartani fyrir góða kynningu og frumkvæði að fundi og hlakkar til að

vinna nánar með Norðurþingi í að efla skíðasvæðið til framtíðar.

6. Prentun og hönnun götukorts

Verkefnastjóri leggur fyrir tvö tilboð í prentun á götukorti frá Héraðsprent og Prentmet Odda. Stjórn samþykkir að taka lægra tilboði og ganga til samninga við Héraðsprent. Stefnt er á að götukortið komi út fyrir páska. Stjórn samþykkir samhljóða að breyta hönnun og bæta við auglýsingaplássum. Verkefnastjóra falið að vinna að götukortinu með hönnuði og klára verkefnið.

7. Mærudagar 2023

Minnt er á íbúafund á vegum Norðurþings vegna Mærudaga sem haldinn er 28. febrúar. Verkefnastjóri mun taka saman hugmyndir fyrir fundinn.

8. Umræða um hafverndarsvæði á Skjálfanda

a. Fulltrúum nýrra samtaka um verndun Skjálfanda boðið til fundarins

Fulltrúar Samtök um verndun í og við Skjálfanda þær Charla Basran, Eva Björk Káradóttir, Marianne Rasmussen og Belén Garcia Ovide koma á fundinn ásamt Huld Hafliðadóttur og kynna samtökin og starfsemina ásamt kynningu á Hope Spot.

Stjórn þakkar Huld, Chörlu, Evu, Marianne og Belén fyrir komu á fundinn og góða kynningu og yfirferð á starfsemi samtakanna.

9. Tilnefning í stýrihóp Gaums sjálfbærni-verkefnis á Norðausturlandi

Starfandi stjórnarmaður kynnir Gaum, sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi. Stjórn samþykkir að tilnefna Huld Hafliðadóttur í stýrihóp fyrir hönd Húsavíkurstofu.

Fundi slitið kl. 12:00.